



# Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 61. TBL. 13. ÁRG. JÚNÍ 1990



*Vort hlutverk er það, að koma þannig áleiðis skilningnum á lífinu, að yisindi verði.*

*(Helgi Pjeturss)*



**Ingvar Agnarsson:**

# Myndun sólstjarna og sólhverfa

(Sjá forsiðumynd)

Víða um vetrarbrautina má sjá mikla þokumekki. Talið er að þeir feli í sér möguleika til myndunar nýrra sólstjarna. Í sumum hinna miklu geimskýja, eins og t.d. *Sverðþokunni* í Óríon, má sjá fjölmargar daufar sólstjörnur í miðju skýinu, og telja stjörnufræðingar nær víst að hér séu nýjar stjörnur á upphafsferli sínum. Hinir lausu efnismekkir dragast saman í bólstra sem smábæta við sig, þéttast og hitna, uns kjarnasamruni tekur við og hitinn kemst upp í milljónir stiga í miðhluta stjörnunnar.

Um leið og efnismekkir geimsins dragast saman og sólstjarna myndast, skapast og minni bólstrar sem þéttast og verða að reikistjörnum er ganga um meginhnöttinn. Heilt sólhverfi hefur þá myndast, og þar með, er tímar líða fram, möguleikar til lífs á einhverri reikistjörnunni, þeirrar er nýtur hæfilegrar birtu sólar og annarra skilyrða, sem nauðsynleg eru til þess að líf geti komið fram og þróast. — Saga lífsins á okkar jörð er ábending um það, sem víðar mun eiga sér stað í alheimi stjarnanna.



Nýjar sólstjörnur í myndun.

Guðni Þorvaldsson:

## Heimsfræði Helga Pjeturss

*„Það sem þúsundir milljóna hafa haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, er lífið á öðrum hnöttum. Þessi hugsun, sem segja má með svo fáum orðum, verður upphaf meiri breytinga til batnaðar á högum mannkynsins, en orðið hafa um allar aldir áður.“*

Þannig byrjar sex binda ritverk Dr. Helga Pjeturss er Nýall heitir. Í þessu verki greinir hann frá hugmyndum sínum um eðli og tilgang lífsins.

Mér þykir við hæfi að kynna þessar merku hugmyndir nú þegar rétt 110 ár eru liðin frá fæðingu Helga. Hann fæddist í Reykjavík 31. mars árið 1872. Hann fékk snemma áhuga á náttúrufræði og lagði stund á jarðfræði við Kaupmannahafnarháskóla. Doktorsprófi í þeirri grein lauk hann árið 1905. Á sviði jarðfræði var Helgi í fremstu röð og gerðist þar brautryðjandi. Jafnframt því að vera mikill vísindamaður náði Helgi mikilli leikni í meðferð íslenskrar tungu. Á þrítugsaldri fékk hann áhuga á heimspeki og byrjaði að rannsaka drauma, miðilsfyrirbæri og fleira sem margir hafa tali hjátrú eina. Hann varð svo gagntekinn að þessu viðfangsefni að hann sneri sér nær eingöngu að því.

Í svo stuttri grein sem þessari er aðeins unnt að stikla á stóru og geta helstu hugmynda hans en sleppa að mestu röksemdarfærslum. Hugmyndir þessar þykja sjálfsagt mörgum fjarstæðukenndar í fyrstu og er slíkt að vonum þar sem hér er dregin upp allt önnur mynd af veruleikanum en sú sem hingað til hefur þótt vera rétt. Enginn skyldi trúá

Þessum kenningum í blindni, því hér er fengist við efni sem heyrir náttúrufræðinni til og um það ber því að fjalla á vísindalegum grundvelli.

Helgi segir að líf sé á þúsundum hnatta í alheimi. Lífið á hverjum hnetti er ekki óháð lífi annarra hnatta heldur mynda líffélögin eina heild. Líf eins hnattar verður fyrir áhrifum af lífi annarra og hefur á sama hátt áhrif á aðra.

Þetta samband lífsins í alheimi byggist á því, að sérhver lífvera geislar frá sér orku og sérhver lífvera er í stakk búin til þess að veita útgeislun annarra lífvera viðtöku. Fjarlægðir skipta þar ekki máli. Hver hugsun og athöfn mannsins útheimtir orku og útgeislun lífvera ræðst af athöfnum hennar og hugsunum. Í gegnum þessa útgeislun hafa því hugsanir og athafnir einstaklinganna tilhneigingu til að endurskapa sig í öðrum lífverum. Á bls. 43 í Nýal segir:

*„Frá hverri veru, hinni stærstu og margbrotnustu til hinnar smæstu og einföldustu, stafa geislar, sem miða að því að framleiða sjálfa þessa veru.“*

Sem áþreifanleg dæmi um þessi sambönd lífvera og áhrif þeirra hverrar á aðra má nefna hugsanaflutning, tilfinninga-skynjanir, miðilsfyrirbæri (þar sem maður á fjarlægum stað getur stjórnað talfærum miðilsins og janfvel hreyfingum), skyggni, drauma o.m.fl.

Helgi telur hugmyndir manna um andaheim, huldufólk, álfa, tröll o.fl. byggðar á fjarskynjunum fólks til annarra staða annaðhvort hér á jörðu eða á öðrum hnöttum. Hugmyndir manna um guði séu á sama hátt skynjanir og sambönd við staði þar sem lífið hefur náð mikilli fullkomnun. Hugmyndir um hina verri staði (vítin) séu tilkomnar vegna skynjana til hnatta þar sem verið er á rangri leið.

Helgi segir drauma vera sambandsástand þannig að það sem einn dreymir sé í raun annars upplifun. Að maður í svefni verði samvita vakandi manni sem oftast er á öðrum hnetti. Hann segir það að dreyma sé eins og að upplifa en ekki eins og að hugsa. Menn verða í draumi glaðir, hræddir og reiðir rétt eins og í hinu daglega lífi. Stundum sjá þeir

hluti sem þeir hafa aldrei augum litið áður. Ég hygg að flestir hafi orðið fyrir þeirri reynslu í draumi, að þeim finnst þeira vera á stað sem þeir þekkja en samt lítur þessi staður allt öðruvísi út en rétti staðurinn. Einnig hendir það oft að fólk sér allt annað andlit þegar það lítur framan í samferðamann sinn í draumi en hans eigið. Það hendir einnig, að fólk sem í draumi lítur í spegil sér allt annað andlit en sitt eigið. Helgi telur þessar mistúlkanir stafa af því, að skynsemi manna í svefni sé mjög brengluð og þeir leitist við að tengja það sem fyrir ber í draumnum þeim heimi sem þeir þekkja. Þeim mun skýrari sem draumar eru þeim mun betur sjá men það misræmi sem oft er milli draumsins og þess sem þeim finnst þá vera að dreyma.

Tilgangur heimsins er að mati Helga samstilling allra krafta og að samstilling mannlífsins við skylt en fegra og fullkomnara líf á öðrum hnöttum sé þar höfuðatriði. Tvær stefnur blasa því við lífinu þ.e. stefna samstillingar og uppbyggingar og andstæða hennar, hin sundrandi og niðurbjótandi.

Við þekkjum dæmi um mátt samstillingar allt í kringum okkur. Hver kannast ekki við það hvað menn í samstilltum hóp t.d. íþróttaliði geta gert miklu stærri hluti en þeir geta einir sér. Eða hversu miklu fullkomnari efnasambönd eru en summa frumefna þeirra.

Lífið heldur áfram eftir dauðann eða öllu heldur, lífið heldur áfram eftir lífið en ekki í andaheimi eins og margir hafa álitið heldur í efnislegum heimi eins og nú, en á öðrum hnöttum. Hugmyndirnar um andaheim eru til komnar vegna fjarskynjana til framlífshnattanna.

Áður hefur verið minnst á útgeislun lífvera sem miðar að því að framleiða sjálfa þessa veru. Við dauðann berst þessi orka til hnattar þar sem lífið er skyldast viðkomandi lífveru og nýr líkami myndast úr því efni sem þar er fyrir. Þessi nýji bústaður er þó ekki eilífðarbústaður heldur flytjast lífverurnar af einum hnetti á annan allt eftir því hverngi þær þróast og þroskast.

Stundum eiga menn við dauðann erfitt með að slíta sig frá

jörðinni og vilja þangað aftur. Afleiðingar slíks geta orðið reimleikar og stundum tekst viðkomandi að líkamnast hér aftur um stundarsakir (draugur).

Til eru margar sögur um heimsóknir utanaðkomandi lífvera hingað til jarðarinnar. Þessar heimsóknir hafa oft orðið á miðilsfundum eða í tengslum við trúarsöfnuði. Þetta er ekki óeðlilegt, því til að þessar heimsóknir geti orðið að veruleika þarf aðstoð og samstillingu heimamanna.

*Út fyrir trúarbrögðin en ekki gegn þeim*, eru einkunnarorð Nýals. Í þeim felst viðurkenning á sannleiksneistanum í öllum trúarbrögðum en um leið ábending um þörf þess að stunda sanna þekkingarleit. Að færa sig af trúarbragðastigi yfir á stig þekkingar án þess að kasta burt þeim veruleika sem trúarbrögðin byggja á.

Þessi pistill hefst á tilvitnun í upphafsmálgrein Nýals. Til að gefa örlitla mynd af stíl og efnismeðferð Helga birtist hér sýnishorn úr lokakafli 1. bindis (bls. 510).

*„Lítum á gang sögunnar. Á einni lítilli, en þó svo stórri stjörnu, vex um hundruð milljónir ára líftegund fram af líftegund, uns loks er vaxið fram til vits. Loks kemur fram þessi vera, sem vitandi er vits, maðurinn. Og maðurinn byrjar að uppgötva sjálfan sig og heiminn. Hann uppgötvar stjörnurnar, en ekki fyrr en langa löngu seinna, að hann á sjálfur heima á stjörnu. Langófarsælastur er hann af verum þeirrar stjörnu. Hver tilgangurinn sé með þessu öllu saman, skilur hann ekki. Á glötunarvegi er verið, og líftegundin maður, byrjar að visna og deyja í toppinn, án þess að hafa getað orðið meira en vísir til manns. . . . .  
Hér er það Nýall sem kemur til sögunnar, sýnir hvað að er, og hvert er ráðið til að rétta við. Maður, þú sem vissir svo lengi ekki, að þú átt heima á stjörnu, vittu að þú átt að eiga heima á öllum stjörnum. Allur þessi mikli heimur á að verða þitt heimkynni. Það er verið að skapa heiminn handa þér, og þú átt sjálfur að aukast svo að viti og mætti, að þú getir farið að taka þátt í þessari miklu smíð. Og á öðrum stjörnum eru lengra komnir frændur þínir, fullir af löngun til að rétta þér hjálparhönd, þó að það*

*geti ekki orðið fyr en þú hefir sjálfur vit til að rétta út höndina á móti. Þannig talar sú rödd, sem ekki hefir heyrst áður á þessari stjörnu. En veik er í fyrstu rödd sannleikans, og vel sé þeim, sem heyra hana þó.“*

Þó liðin séu 65 ára síðan Helgi birti höfuðritgerð sína um þessi fræði eru þeir Íslendingar fjölmargir sem ekki hafa heyrt á þau minnst. Hugmyndirnar eru byltingarkenndar og má vera að það valdi einhverju um það áhugaleysi sem um þær hefur ríkt. Mér virðast vaxandi rannsóknir og aukin þekking vera þeim hliðhollar.

Fyrir þá sem vildu kynna sér efnið betur má benda á eftirfarandi bækur:

**Nýall**, 6 bindi eftir Helga Pjeturss, Félag Nýalssinna, Reykjavík, 1955.

**Þættir um heimsfræði Helga Pjeturss** eftir Þorstein Þorsteinsson og Elsu Vilmundardóttur, Urð, Reykjavík, 1975.

**Líf er á öðrum stjörnum** eftir Þorstein Guðjónsson. Félag Nýalssinna, Reykjavík, 1973.

**Málþing Íslendinga**, safn ritgerða um Helga Pjeturss og heimsfræði hans eftir ýmsa höfunda í samantekt Þorsteins Guðjónssonar, Lífgeislaútgáfan, Reykjavík, 1979.

Tvær bækur hafa komið út á ensku eftir Þorstein Guðjónsson, **Astrobiology** og **Dreams are the key to the cosmos**. Þessar bækur og ýmsar fleiri fást hjá Félagi Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi.

Ur Íslandsþósti, útg. í Svíþjóð 1983.

## Myr:

*Þann held ég ríða úr hlaðinu best  
sem harmar engir svæfa.  
Hamingjan fylgir honum á hest,  
heldur í tauminn gæfa.*

*Jón biskup Arason.*

(Ari, sonur Jóns var sagður glaðvær maður og áhyggjulaus, en um hann mun vísan vera).

# Sól og jörð séð frá tungli



Á myndinni má sjá útsýni, sem er í meira lagi óvenjulegt. Listamaður sá, sem myndina gerði, hugsar sér, að hann sé staddur á tunglinu okkar. Það sem blasir við augum hans, er gígótt landslag tunglsins, stjörnum skráddur himinn og stór, dökk kringla jarðar okkar hátt á himni, en út undan brún hennar stendur sólin, geislandi beirtu sinni til allra átta.

*Astronomie eine moderne Sternkunde (tbl. 171)*



**Þorsteinn Guðjónsson:**

## **Djúpar rætur - langir þræðir**

Fyrir kemur, að þræðir einhverrar sögu greinast og tengjast svo furðulega, að einungis sumir lesendur geta trúað því, að þeir liggi eins og frá er sagt.

Bók eftir mig, sem nefnist „Astrobiology“ á ensku máli, það er stjörnulíffræði kom út haustið 1976 með stuðningi nokkurra félaga minna, og hefur hún þó nokkuð dreifst um löndin, ekki hvað síst fyrir tilstuðlan Jóhönnu Guðnadóttur í San Francisco, sveitunga míns - en við ólumst upp nær samtímis fyrstu árin í Bæjarsveitinni forðum - og mætti af starfi hennar að þessu máli þar í Kaliforníu segja langa sögu og fróðlega. En ekki er það sú saga, sem hér um ræðir, heldur annar þáttur, sem byrjar á útmánuðum 1978, en þá lá ég á Vífilsstaðahæli. Eitthvað seldist af bók þessari þá hér á landi, og einhvern pata hafði ég af því, að bandarískur maður, sem keypti hana hjá Eymundsson vildi hitta mig, en af því gat ekki orðið.

Skömmu síðar fékk ég bréf frá þessum sama kaupanda, Chase C. Coffey, að nafni, sem rithöfundur er og frjálshuga maður, þá búsettur vestur við Kyrrahaf, og lét hann mig hafa efni frá sjálfum sér í hina síðari bók mína enska „Dreams . . .“, sem mér þótti í meira lagi vert um frá sjónarmiði nýalskra fræða. Vera má að ég reyni einhverntíma að þýða þá frásögn, því að þar kemur fram glögg og ótvíræð framlífsvitneskja, sem hefur mikið gildi.

Eftir þetta hef ég skrifast á við CCC í tólf ár, og jafnan farið hið besta á með okkur; hann er mjög „jákvæður“ maður, það er velviljaður, og tekur rökum; það hefur mér helst fundist á vanta, að hann næði föstum, heimspekilegum tókum á því, sem ég var að kynna honum, en það er nú líka það, sem víðast vantar. Hann er þó að sækja sig í því efni, og þykir mér það mikill ávinningur. En núna í haust fékk ég

enn bréf frá honum, og var sem mig ræki í rogastans yfir þeim óvæntu tíðindum, sem hann hafði að segja.

„Ég hef alltaf gleymt að segja þér,“ sagði hann, „að ég var á Íslandi á stríðsárunum.“ Var hann liðsforingi yfir herflokki nokkrum, sem sat í kampi nokkrum upp undir Vatnsenda, en hjólaði stundum í frítímum sínum til Hafnarfjarðar, og lá leið hans þannig daglega fram hjá sjúkrahúsi nokkru hvítmáluðu, og þekkti ég undireins að það voru Vífilsstaðir, en þar var ég þá vistaður. (Það skal tekið fram, að svo vinveittur er CCC Íslandi, að hann er á móti bandarískri hersetu hér, ef það væri vilji Íslendinga). Annað skrifaði hann þó, sem mér þótti ennþá meira um vert:

Þegar herskipin, sem fluttu þá, sigldu inn á Reykjavíkurböfn, stóð hann á þilfari og var að tala um, hvað sér litist vel á þetta land og hvað það kæmi sér kunnuglega fyrir sjónir, þótt hann hefði það augum litið (skal tekið fram að þetta gildi alveg eins um nýlegar byggingar í Reykjavík og annað, og er því síst af öllu stuðningur við endurburðarkenninguna, ef einhverjum dytti hún í hug). Hann lét móðann mása og flakka hvað sem honum kom í hug. Þá segir sá sem hann var að tala við, en hann var herlæknir barna: „*Þú talar eins og þú hafir kynnst kenningum Helga Pjeturss. En það er ekki nóg að tala svona, menn verða að þekkja þær kenningar og skilja þær.*“ Þetta gerðist árið 1942.

Síðan liðu 35 ár þangað til CCC kom til Íslands, gekk inn í bókabúð og keypti bók eftir mig um þessar kenningar, og síðan liðu 11-12 ár þangað til hann mundi eftir að segja mér frá þessu. Ég er nú nokkrum mánuðum síðar að jafna mig svo á þessu, að ég get farið að segja frá, en þegja ekki.

Lítum aðeins á hvað þetta þýðir. Það er til dæmis vottur um, að kenningar Helga voru ekki svo lítið kunnar meðal menntaðra manna erlendis á þessum tíma. Ekki hjá einni þjóð, heldur mörgum. Ég talaði einu sinni við breskan sendiherra hér, og af sérstöku tilefni spurði ég hann, hvort hann vissi nokkuð um Helga Pjeturss. „Hvort ég veit,“ sagði hann, „ég kynntist honum dálítið á stríðsárunum, þegar ég

var hér í setuliðinu. Hann var ákaflega skemmtilegur maður, og gagnfróður, hvar sem gripið var niður.“ („An exceedingly interesting man, and knowledgeable - on every subjects“). John McKenzie minnir mig, að sendiherra þessi hétu, og þótti mér hann vera einkar geðfelldur maður og hugsun hans ljós.

Þessi tvö dæmi, ein út af fyrir sig, ættu að nægja til að sýna, að ekki aðeins maðurinn Helgi vakti aðdáun þeirra, sem mannkosti kunnu að meta, heldur var kenning hans einnig að nokkru marki kunn og virt, meðal útlendinga. - Nefna mætti dæmi um það frá Þýskalandi, Frakklandi og víðar, að nafn hans var þekkt og virt, ekki aðeins fyrir jarðfræðina, heldur einnig fyrir hina nýju kenningu um lífið. -

En einnig segir þetta aðra sögu meiri. Það eru sífellt að vekjast upp, á óvæntan hátt, endurminningar um hin fyrstu áhrif Nýals, meðal Jarðarmanna. Þræðir Nýals liggja svo afar djúpt og víða, að það er nær óhugsandi annað en þeir eigi einhverntíma eftir að ná saman aftur, og spinna þann þráð, sem „hið lifandi klæði framtíðarinnar“ verður ofið af.

## Sérkennileg vetrarbraut




Útlit vetrarbrauta er ákaflega fjölbreytt. Þessi hefur hlotið skrásetningarnúmerið NGC 1300 og er af þeirri gerð sem kallast bjálkavetrarbraut.

I. A.

*La nouvelle astronomie (bls. 169).*

## Stjarnmergðin óþrjótandi



Hver sem augum er rennt um himins hálfur á heiðum kvöldum, blasir allstaðar við sjónum stjörnumergðin óþrotlega. Og ákaflega eykur það á mikilvægi stjarnanna í huga okkar að vita, að einmitt til íbúa þeirra er að rekja langflesta drauma okkar. I. A.

Steinar Pálsson í Hlíð:

## Hugleiðing um sauðburðinn

Frá því ég man fyrst eftir mér, tók ég þátt í að líta eftir ánum á sauðburðinum, eða þóttist taka þátt í því. Þegar ég var barn og unglingur, voru ærnar látnar bera í engjagirðingu, sem liggur inn með Laxá. Þar eru mörg gil og fallegir hvammar og gaman í góðu veðri að fylgjast með fénu ef kominn var góður gróður. Í þá daga leiddi ég hugann lítið að því hvað nýfætt lamb er furðulega sjálfbjarga. Mér fannst það rétt eins og sjálfsagður hlutur. En nú í ellinni horfi ég á það með vaxandi undrun. Ég hef oft staðið í hæfilegri fjarlægð, til að trufla ekki, þegar lambið bröltir á fætur. Á fáeinum mínútum er það búið að ná valdi á vöðvum líkamans. Síðan þarf það ekki að leita lengi til að finna spenann. Ef ærin ber úti í slæmu veðri, ríður að sjálf-sögðu á lífi lambsins að það komist undir eins á spenann, en þá er lambinu borgið, jafnvel þótt veðrið sé miður gott, slydda, rigning og jafnvel snjór, svo framarlega sem ærin fæðir vel. En hvernig stendur á því, að lambið ratar beint á spenann á ánni? Nú kemur það fyrir að lambinu tekst ekki að komast á spenann ef of mikið er undir ánni og spenarnir of stórir. Þá virðist þessi furðulegi hæfileiki fljótlega týndur og þá er það eitt af erfiðustu viðfangsefnum á sauðburðinum að koma því á spenann. Til marks um hvað lömbin þola þegar allt er í lagi ætla ég að segja frá, hvernig sauðburður byrjaði hér í vor.

Að kvöldi dags, í leiðinlegu veðri, vantaði eina á. Ekki tókst að finna hana þrátt fyrir leit. Reiknað var með að hún hafi stokkið eitthvað til að bera og tæplega gæti hún komið með lifandi lömb. Um morgunin eftir var kominn ökla snjór og sást hvergi dökkur díll. Þá stóð ærin við fjárhúsdyrnar með tvö lömb, vel á sig komin.

Hjá dýrategund sem oft þarf að þola harðræði frá náttúr-

unni þarf að kunna ráð við öllu og þá skiptir öllu máli að lambið finni spenann strax, ef það fæðist í einhverju vorhretinu.

Hefir nokkur vísindamaður reynt að skýra hversvegna nýfætt lamb ratar beint á spenann á móðurinni? Ég sagði einhverntíma við mann sem þóttist vera mjög vantrúaður á allt sem ekki væri mjög áþreifanlegt, að ég skyldi sýna honum mjög dularfullt fyrirbrigði. Hann skyldi koma með mér til ána um sauðburðinn og horfa á hvernig nýfætt lamb hagar sér. Við undrumst oft ýmsa hluti, sem ekki eru hversdagslegir en eru þó ekki nærri jafn furðulegir og þetta.

Þegar ég heyri vangaveltur vísindamanna um möguleika á lífi á jarðstjörnum himingeimsins, dettur mér í hug að þeir ættu fyrst að reyna að ráða gátuna um hegðun nýfædda lambsins, áður en þeir fara að efast um líf á stjörnunum og samband við það.

## Vetrarbrautakeðja



Hér má sjá 5 vetrarbrautir sem raða sér á næsta sérkennilegan hátt í nærri beina línu hver við endann á annarri. Það einkennilegasta við þessa vetrarbrautakeðju er það, að hin önnur í röðinni frá hægri fer með geisimiklum hraða miðað við hinar, og stefnir út úr röðinni. I. A.

*La nouvelle astronomie bls. 202.*

Þorsteinn Guðjónsson:

## Rangþýðinga-rökkrið og hinir ljósu draumar

Á draumi Ingvars Agnarssonar, á nýársdag 1990, sem hann sagði mér í síma sama dag, og birtur er nú í Lífgeislum, eru lík einkenni og á draumi mínum frá 1954, sem einnig er hér birtur. Þegar Ingvar er í draumnum að horfa á fjall, sem honum sýndist vera Esjan - og fer að segja unglungi frá þessu - er draumur hans á rangþýðinga-stigi. Þetta var engin Esja, og meira að segja: það var ekki Ingvar sem var að horfa á fjall, heldur draumgjafi hans. En svo birtir skyndilega til - í miðju orði, ef svo mætti segja - og sambandið kemst á miklu fullkomnara stig. Orðshlutinn „Kistu“ er í ófullkomnari hluta draumsins, en eftir að birtir yfir er ekkert slíkt. Það eru skilin þarna á milli, sem mig langar til að athuga.

Alveg hliðstætt þessu - „draumfræðilega“ - var það, hvernig ég í draumnum 1954 þóttist vera staddur á melbungu nokkurri austan við Vífilsstaði og horfa þangað heim. Draumurinn var á rökkurs- og rangþýðingastigi í fyrstu, en þegar ég fór að horfa á það, sem mér þótti vera sú húsaþyrping, sem þar er, tók hún að breytast fyrir augum mínum, í skínandi dagsbirtu, og ég sé á alla vegu frá mér alókunnugt umhverfi. Og „ég“ í draumnum er annar maður en ég (ÞG) er. - Síðar í draumnum, einnig í sólarbirtu, er það sem ég (ÞG) þykist fara að taka frumkvæði hjá sjálfum mér, til þess að tala gegnum draumgjafa minn við félagu hans.

Spurningin er þessi: Er hægt að treysta því, stenst það vísindalega (hér er auðvitað ekki verið að tala um, hvað sé viðurkennd vísindi, heldur einungis hvað rétt er) - að orðið „Kistu“, sem átti að verða „Kistufell“, í draumi Ingvars, og

„ræðan“ í mínum draumi, hafi raunverulega komið fram af vörum draumgjafanna, fyrir áhrif frá draumþegunum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að svo sé.

Í „**Á annarri stjörnu**“ segir Helgi Pjeturss, í sínum stórfróðlega draumi af fuglum, flöggum og fólki í sal, að hann fór að taka eftir tungumálinu hjá fólkinu í salnum, og veitti hann því þá athygli, að málið var líkara íslensku og latínu en nýju málunum. A-hljóð yfirgnæfðu. Og telur hann sig þá hafa spurt - á íslensku, um leið og honum varð ljóst, að þetta var á öðrum hnetti - í hvaða stjörnumerki þetta sólhverfi væri. Hann talaði eins og það væri alveg víst, að þessi orð hefðu komið **frá sér, og talast gegnum draumgjafann**. Ber hér allt að sama brunni um, að þegar sérstaklega stendur á, geti hugur manns orðið virkur, þótt í svefni sé, gagnvart draumgjafanum, þannig að hugarstreymi verði frá draumþega til draumgjafa um stund.

Fyrir löngu var þetta mál rætt af þó nokkru kappi, milli nokkurra Nýalssinna, og litu sumir líkt á og hér er sett fram, en einn var á öðru máli. Taldi hann, að draumstreymið væri fyrst og fremst frá draumgjafa til draumþega, og að sofandi maður væri með öllu óvirkur. Glöggvuðu þessar fræðilegu deilur, (sem jafnan fóru fram í góðu) skilning okkar á orkueðli svefns og drauma. En það, sem mest bjó undir kappi hans var þetta: Hann taldi hættulegt, ef menn færu að iðka sambandsfræði drauma í þeirri trú, að þeir væru sjálfir gerendur í draumum sínum (undirvitundartrú). Hann sættist á þetta við okkur þannig, að í draumi væri enginn „af einum saman eigin rammleik“ virkur gagnvart draumgjafa sínum. Áhrif frá þriðja aðila, lengra komnum, kæmu í slíkum draumum jafnan við sögu. Það eru hin lengra að komnu áhrif frá fullkomnari lífstöðvum, sem hann átti við. Það er ekki margt í heimi hér, sem mér er ljósara en það, að þær lífstöðvar eru til.

Það verður ekki um of brýnt fyrir mönnum að láta sér skiljast, að athuguð fyrirbæri og atburðarás í draumi, eru allt annað en viðbrögð og hugleiðingar þess sem athugar. Viðburðirnir eru draumgjafans, viðbrögðin draumþegans.



Dæmi um rangþýðingar í draumi: Jeff Redmond, Ása-trúarmann í Grand Rapids, Michigan, Bandaríkjunum, sem er skemmtilegur maður, kátur, fríður, greindur og velviljaður, dreymdi (1. ágúst 1989), að hann væri kominn til New York, og tæki þar á móti þrem bræðrum frá Íslandi ásamt allsherjargoða - og fannst mikið um. (Í ljós kom, að einn þessara bræðra kom til New York daginn á undan eða eftir og hafði ætlað sér til Grand Rapids - stilliáhrif eru þarna augljós). Draumpersónurnar voru vissulega aðrir menn, á öðrum hnetti, að öllum líkindum. Hugsum okkur nú, að „Jeffi“ hefði komið þessum nöfnum fram í gegnum draumgjafa sinn. Þá hefði verið um „gagnstreymi“ draumáhrifa að ræða. Getur slíkt gerst? Fróðlegt væri að heyra frá lesendum, sem dreymt hefði eitthvað, sem varpað gæti ljósi á þetta mál.

*Athugasemd:*

*Þessi ritgerð Þorsteins Guðjónssonar átti að birtast í Lífgeislahefti nr. 58, til skýringar á draumum Ingvars Agnarssonar og Þorsteins Guðjónssonar sem þar birtust, en fyrir slæm mistök varð ekki svo. Væri vel, ef lesendur þessarar greinar vildu nú aftur taka fram ofannefnda drauma og athuga skýringar þessarar greinar á vissum atriðum þeirra (draumanna).*

*Ritstjóri.*

## Myr

Hinn seki þekkir syndarinnar kvalir  
og getur orðið lýðsins leiðarstjarna  
og verndað hina veiku frá að hrasa.

*Davíð Stefánsson.  
Að norðan, bls. 198.*

**Þorbjörn Ágústsson:**

## Heimsókn

Á hæðunum grænu eru hrifnæmir menn,  
til himins þeir mæna og vænta þess senn,  
að guðirnir komi sem geislandi ljós  
og gyðjurnar fögru er ilma sem rós.

Hljómfögur rödd berst frá himnunum þá,  
frá háþroskaverum í stjarnsölum blá.  
Svífandi í ljósi þeir líða frá hæðum,  
ljómandi allir af himneskum gæðum.

Hrifnir af gleði þeir hugglöðu menn  
horfðu og sungu og mögnuðust enn.  
Á hæðunum grænu var hamingjugnótt,  
þeir hamförum svífa til stjarna í nótt.

*6. og 7. jan. 1978.*

**Þorsteinn Valdimarsson:**

## Hulda

Leiddu mig við hönd þér  
svo langt sem þú mátt  
upp í þína sjónarhlíð,  
svo mér vitrist litla hríð  
álfalandið fagurt og fjarlægðarblátt.

*Úr: Fiðrildi 1967.*

**Ingvar Agnarsson:**

## **Draumar**

Sígur að svefn,  
og sambönd opnast  
geims um víða vegu.  
Draumaheimur  
dýrðarfagur,  
opnar sínar álfur.

Eigi er óljós  
eða óskýr sú  
bjartra drauma boðun:  
Menn eru þar  
og mannkyn fögur  
á fjarlægum furðuhnöttum.

(1711 A)

**Ingólfur Jónsson frá Prestbakka:**

## **Til vinar**

Vini sínum  
skal vel treysta  
á langri leið.  
Hrynja hvolfpök,  
hrynja steinveggir,  
en andinn  
á óðöl sín.

# Tunglin þrjú

(Draumsýn)

## I.

Ég lagði mig eftir kvöldmat, og undireins rann mér blundur á brá. Draumur lét ekki á sér standa. Mér opnaðist sýn. Lítil hluti himins bar mér fyrir augu. Það var tungl eitt mikið í fyllingu og stóð fremur lágt á lofti. Það var geysistórt. Flötur þess var alveg hvítur. Ég gat ekki greint á því neinar svartar þústir eða dökka flekki. Það var ekki laust við að ég undraðist nokkuð hina miklu stærð þessa tungls.


En nú tók ég eftir öðru, sem vakti sérstaka athygli mína. Það voru tvö tungl, ákaflega lítil í samanburði við það stóra, og þó voru þau ekki sömu stærðar bæði. Þessi litlu tungl voru bæði nálægt því stóra, neðst og vinstra megin við það. Annað var í fyllingu, alveg kringlótt, og liturinn hvítur. Hitt tunglið var aðeins minna að sjá og af því sást aðeins rönd, og þessi hringlaga sigð þess snéri að stóra tunglinu. Þessi bjarti hluti þess var hvítur, eins og hin tunglin. Hjá mér vaknaði nú sú hugsun og nokkur undrun, hvernig á því gæti staðið, að aðeins sást brún af þessu tungli, þar sem hin voru í fyllingu og öll sýndust þau þó vera hvert hjá öðru.

Ekki tók ég eftir með neinni vissu, hvort á himni sæjust stjörnur, enda var hugur minn alveg bundinn við að skoða þessi athyglisverðu tungl.

Nú rofnaði draumur og ég vaknaði jafn skyndilega og ég hafði sofnað. Ég leit á klukkuna og sá, að aðeins höfðu liðið um fimm mínútur frá því ég lagði mig út af.

## II.

Draumgjafi minn, sá sem skapaði mér framansagðan skyndidraum á áreiðanlega heima á einhverri jarðstjörnu í



öðru sólhverfi. Tunglið stóra kann að vera mjög stórt í raun og veru, en þó gæti þessi mikla stærð þess sýnst slík vegna þess mest að það gengi á braut, sem lægi mjög nálægt móðurhnettinum, jarðstjörnu draumgjafans.

Hin tunglin tvö gætu sýnst svo lítil, vegna þess meðal annars, að þau væru miklu minni í raun, en e.t.v. einnig fjær.

Til skýringar á útliti þess tunglsins, sem aðeins sást að hluta, dettur mér helst í hug, að skuggi litla tunglsins til vinstri og sem var í fyllingu, hafi fallið á allstóran hluta litla tunglsins til hægri, svo af því hafi sést aðeins um það bil einn fjórði hluti, af þeirri ástæðu. Það mundi þá líka vera fjær en hitt. Bæði þessi litlu tungl hafa þá verið í beinni stefnu út frá sól draumgjafa míns, og þannig borið saman, frá henni að sjá. En sú sól hefur þá verið í hvarfi á bak við hnött hans, einmitt á þeirri stundu sem mig var að dreyma.

Annað atriði og mjög athyglisvert, sem snertir litla tunglið til hægri er það, að sigðin eða skífan sem á því sást, var allmiklu hringmyndaðri eða náði lengra til beggja handa, en gerist þegar okkar tungl er vaxandi eða minnkandi. Skýring þessa fyrirbæris gæti verið sú, að það væri í raun allnokkru stærra en hitt tunglið, (þótt heldur minna virðist frá draumgjafanum að sjá, og þá vafalaust vegna meiri fjarlægðar.) Þegar svo hitt tunglið gengi fyrir það, myndi það hálfgerðan hringmyrkva eða miðjumyrkva, sem orsaki þetta einkenni-lega útlit.

Ég teiknaði upp þessa draumsýn mína undireins eftir að ég vaknaði og held ég, að hér skakki ekki miklu um afstöðu tunglanna hvers til annars eða um sýndarstærð þeirra og útlit.

Þetta var mjög skýr draumur, svo langt sem sú athugun náði. Samband mitt við draumgjafann hefur því verið mjög skýrt, þessar fáu mínútur sem það hefur staðið yfir.

Oft er það svo að unnt er að rekja suma drauma til ákveðinna stilliáhrifa. Svo mun og vera hér, því um klukkustundu áður hafði ég átt stutt viðtal við góðan vin minn einn, og er sá fróður mjög um stjörnufræði, auk þess sem hann er mjög áhugasamur um stjörnusambandsmál og um framgang þeirra mála yfirleitt.

Hygg ég að tæpast hefði hér orðið um svo skýran draum og fróðlegan að ræða, ef ekki hefði ég notið slíkra stilliáhrifa.

Skýrar draumsýnir til annarra stjarna geta oft orðið hinar fróðlegustu og merkilegustu ef notið er stilliáhrifa slíkra sem dugað geta til skýrra sambanda.

*Dreymt á annan í jólum 1989.*

*Ingvar Angnarsson.*

## Fyrstu ummerki manna á tunglinu



Myndin: Eitt fótspor á tunglinu frá 20. 07. 1969 en þá gerðist sá heimsögulegi atburður að jarðarbúi steig í fyrsta sinn fæti á tunglið. Þetta fótspor mun haldast óbreytt um milljónir ára, því engin eyðingaröfl eru þarna að verki til að afmá það.

I. A.

*La lune: Pire Castor*

# Dýrðarsýn til himins og stjarna (Draumur)

## I.

Aðfaranótt föstudagsins 9. mars '90 gaf mér í draumi sýn til stjarna, og tel ég að stilliáhrif að sýn þeirri hafi mér verið komin frá Sveinbirni Þorsteinssyni, sem lengi hefur verið mikill áhugamaður um Nýalsmál. En til Sveinbjarnar kom ég einmitt daginn áður, og bar þetta okkar sameiginlega áhugamál þar m.a. á góma. Sveinbjörn á heima við Skálholtsstíg í Reykjavík, en í draumnum þótt mér sem ég væri staddur skammt þar frá, nánar til tekið, ofan við Farsóttarhúsið á horni Spítalastígs og Þingholtsstrætis. Við þann enda hússins sem fjær er Spítalastígnum, þótti mér vera einhver viðbygging. Og varð mér hugsað til nokkurra manna, sem mér þóttu hafa verið þar til húsa, og þeirra síðastur þótti mér Dungal verið hafa.

## II.

Í framhaldi af þessu þótt mér ég vera ásamt öðrum manni, úti á gangi á götu nokkurri í Reykjavík og varð mér þar sem ég gekk, allt í einu litið til himins, en dimmt var úti eða rökkur, en dimmt var ekki til himins að líta, því vel stjörnurbjart var. Ótal skinandi stjörnur mátti þar sjá dreifðar um himinhvolfið og sumstaðar þéttari og bjartari en annarsstaðar. Ekki hafði ég lengi horft á dýrðarsýn þessa, þegar hjá mér vaknaði löngun til að vekja eftirtekt þess sem með mér gekk á stjörnuhimninum, og þótti mér ég fara að segja honum í fáeinum setningum frá þeirri framtíð sem okkar og allra biði í heimi stjarnanna, æ stórkostlegri og var það tal mjög í nýölskum anda, en setningar þessar eru þó mér horfnar úr minni. Og hvernig þeim sem þessum orðum var beint til, varð við, veit ég ekki.

Varð draumur þessi ekki lengri.

*Sveinn Haraldsson.*



# Draumar skáldkonunnar (og fleira)

## I. Úr sendibréfi.

Ég er að stíga inn fyrir dyrnar hjá mér, kl. rúmlega eitt síðdegis. Kem frá Landakoti, þar sem ég hefi dvalið í 3 daga og verið rannsökuð. Þeir finna ekkert slæmt að mér, nema ellina:

En ég fæ Lífgeisla strax upp í hendurnar og tel það vita á gott.

Þeir í voru elskaða stjörnuhafi alheimsins, væru vissir með að létta undir með okkur. Þeir hafa áreiðanlega sínar ratsjár, segulbönd og ræðuspólur, ekki síður en við.

Þeir myndu skilja viðleitni okkar uppávið.

Líklega höfum við mennirnir sinn hverja „svefntegund“. Mín tegund er þannig að lesi ég fróðlega bók með áhuga á ég það næsta víst að mig dreymir efni hennar, þegar ég er oltin út frá henni. Í nótt dreymdi mig tómar „hjúkrunarkonur“, en ég var á spítala og þær höfðu verið mér sérlega góðar.

Um daginn var ég að lesa bók Ó. I. Magnússonar um Matth. Joch. með fjölda mynda.

Dreymir mig ekki skáldið. Hann segir „Komdu inn í húsið mitt, ég skal sýna þér það og alla krakkana.“ Ég inn og skoða það (á Akureyri) en betur en nokkru sinni. Sé frú Guðrúnu og börnin (öll lítil). Þetta var svo indæll draumur. Ég vaknaði við að ég er að gjöra vísu:

Dóra, Mangi, Dís, Inga og Þóra,  
Elín er hér ekki með,  
en elsku Steina færðu séð.

Þegar ég vaknaði sá ég að Möttu vantaði. Breytti ég þá vísunni:

Matta, Dís, Dóra, Inga og Þóra.

En þó Gunnar og Magnús yrðu útundan, varð draumurinn mér svo indæl upplifun, eins og ég hefði virkilega verið með

skáldinu blessaða. Mig hefir líka oftast dreymt hann þegar ég hefi verið að fást við ljóðagerð.

Nú, í annan tíma var ég að lesa ævisögu Thorvaldsens, ritaða af þjóni hans, C. F. Vilckens. Myndi mig ekki dreyma Albert svo greinilega eins og ég hefði séð hann og þekkt. Hann var svo blíður og góður, kvaðst alltaf hafa viljað vera Íslendingur og vera það af lífi og sál.

„Mér þykir vænna um þig af því þú ert Íslenzk“, þykir mér hann segja og svo reikum við lengi saman um verkstæði hans og ég er í sælli leiðslu yfir hinum fögru styttnum.

„Ég vill fara með þér til Rómaborgar og Grikklands, segi ég í hrifningu minni og halla mér að honum.

„Þetta er nóg í bili“, segir hann þá og brosir svo elskulega.

Þessir fögru draumar og aðrir ekki síðri með liðnum ástvinum, hafa verið mér bæði styrkleika- og gleðigjafar.

Einu sinni dreymdi mig Jónas Hallgrímsson, með þeim afleiðingum að ég gat ort til hans kvæði, sem ég tel mig eiga ennþá. En margt af því, er ég hefi samið varð eldinum að bráð, 20. 08. 1984, þegar blessaður drengurinn, hann Þorsteinn Kragh, kom og braut gluggann minn og frelsaði mig þannig.

*Kristín M. J. Björnsson.*

## II. Umsögn um draumana og orðsending til lesenda

Kristín M. Björnsson, skáldkona, var um árábil einn af hinum traustu lesendum Lífgeisla, og birtust þá eftir hana þar nokkur af ljóðum hennar, m.a. undir nafninu: **Ómar ungi.**

Þetta er hluti úr sendibréfi sem mér barst í hendur frá henni (ásamt fleira efni), um það leyti, sem fyrri syrpa Lífgeislahefta (nr. 1-56), var að renna út, síðla árs 1986. Varð því ekki úr að ég gæti hagnýtt neitt af því, eða birt í ritinu. Vonast ég eftir, að geta nú látið eitthvað af því fara að njóta sín að verðleikum, í þessu nýja framhaldi útgáfunnar.

Mig langar að fara fáeinum orðum um ágrip drauma þeirra, sem í útdrætti bréfsins koma fram:

Hana segist oft dreyma eitthvað hliðstætt því efni, sem hún hafði verið að lesa um áður en hún lagðist til svefns. Ég held að slíkt sé fremur óvenjulegt, nema hliðstæð stilliáhrif komi til, t.d. ef lesið er upphátt fyrir einhverjum, áður en farið er að sofa. Um það hef ég ýmis dæmi, og hef líka fyrir því eigin reynslu.

Þætti mér nú gaman að beina þeirri spurningu til lesenda Lífgeisla, hvort þá dreymi stundum um það sem þeir voru að lesa undir svefninn, án þess að annar hafi fylgst með því efni og þannig, óafvitandi, getað orðið stillir að draumnum. Vel gerðuð þið, lesendur Lífgeisla, ef þið vilduð senda mér drauma ykkar, þá sem ykkur finnst athyglisverðir, og raunar annað efni einnig.

*Ingvar Agnarsson*

## **Kirkja og bratt fjall**

(Sýn milli svefns og vöku)

Ég lagði mig í hádeginu sem oftast og lá þannig stundarkorn milli svefns og vöku.

Sá ég þá í leiftursýn kirkju og bratt fjall á bak við hana. Kirkjan var af þeirri gerð, sem algeng er til sveita, lítil með reisulegum, allháum turni.

Fjallið bak við kirkjuna var allhátt og einkennilega bratt, raunar öllu líkara tindi en fjalli, að öðru leyti en því, að ekki stóð nein strýta eða egg upp úr því. Fjallið var allt ávallt og með mjúkum línunum þrátt fyrir brattann.

Mjög var bjart yfir þessu landslagi og sýnin skýr, en stóð ekki nema andartak. Hún hvarf jafn skyndilega og hún kom.

*Dreymt 15. 04. 1979*

*Ingvar Agnarsson*

## **Fyrir miðilsmunn** 28. 08. 1989.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Halldór Pjetursson, rithöfundur.

(Halldór Pjetursson):

Sæl verið þið. Dóri. Svava mín, blessuð og sæl.

Svava Jónsdóttir: Komdu blessaður.

Halldór: Hvernig hefur þú það?

Svava: Jæja, svona sæmilegt. Ég er nú þarna í nuddi og svoleiðis. Ég vona, að ég fái gott út úr því.

Halldór: Það er óskandi. Fylgist nú reyndar með þér talsvert og hugsa sterklega til þín og ykkar fundar þessa stund. Margir hérna með mér í sambandsstöð. Létt og skemmtilegt andrúmsloftið. Svipirnir glaðlegir á andlitunum. Það er nú ekki annað að sjá en að menn séu kátir hér, glaðir í bragði.

Svava: Ert þú ekki allur að eflast?

Halldór: Ég er eins og tvítugur stráklingur. Ekki get ég annað sagt en ég sé fær í flestan sjó og er ekki neitt að vanbúnaði, hvað sem á gengur, að leggja mitt lóð á vogarskálarnar til eflingar góðum málstað og göfugum.

Þú ert alltaf sem klettur, Svava, og haggast ekki, þó stormar og þrumur dynji yfir. En það er hér ekki þrumuveður reyndar hjá okkur né stormur. Blíðviðri og bjartviðri mikið. Hafið er hér heillandi fagurt og himininn fagurblár og fjöllin undurfögur, litbrigðin stórkostleg.

Málararnir eru hér ekki iðjulausir. Það tel ég mig geta fullyrt þeir séu hamhleypur til starfa á sínu sviði, þannig að engin þörf er fyrir þá að kvarta fremur en mig og aðra.

Svava: Einhverjir sem þú þekkir?

Halldór: Það er hér með mér höfðinginn hann Svavar minn (Guðnason).

Svava: Jæja, blessaður.

Halldór: Kemur hér eins og hans er von og vísa. Bros á vör og glettnisglit í augum og hann segist finna á sér strauma nokkura frá fundinum og hugsar til ykkar.

Svava: Já, ég hugsa til ykkar og fleiri kannski.

Halldór: Hans hugur beinist mjög til ykkar. Hann biður að heilsa.

Svava: Já, ég skal koma því.

Halldór: Segist vera sístarfandi frá morgni til kvölds að sinni köllun. Kraftur mikill fylgir honum og hressandi hlýhugur.

Margir eru hér samankomnir í sal nokkrum og syngja ýms lög, sem þið þekkið og allir Íslendingar og meðan sungið er, kemur stórkostlegur kraftur fram. Birta óumræðilega fögur fer vaxandi og ekki laust við, að maður fyllist eftirvæntingu og fögnuði, því mikil tíðindi eru í uppsiglingu hér. Brátt birtist hér (hópur gesta) hver öðrum æðri. Þetta er heim-sókn, sem í vændum er, af öðrum hnetti til okkar. Það eru gyðjur og guðir, þar sem slík birta fer á undan. Það má nú sjá verur þessar koma fram í salnum í undrabjörtu ljósi. *Hef ekki áður séð slíka fegurð nokkru sinni, þar sem verur þessar eru.* Mannsmyndin á æðra stigi fegurðar og fullkomnunar. Það er eins og hver þessara vera viti hug manns og leyndustu hugsanir og jafnframt verð ég að nokkru leyti samvita þeim. Fyllist undursamlegum mætti. Vildi að þú, Svava, mættir fá þátt í þessu og þið að einhverju leyti.

Svava: Já, ég fæ það kannski og meira, þegar ég kem.

Halldór: Þá mun nú samstillingin verða fullkomin og þátttakan í hinni guðlegu meðvitund og lífsafli.

Svava: Ég er svo glöð yfir því, hvað þér líður vel.

Halldór: Þú mátt því fullkomlega treysta, að þjáning og sjúkleiki fyrirfinnst ekki lengur í mínum hug eða líkama af neinu tagi. Fullkominn styrkur, fullkominn friður.

Svava: Ég sé þig oft fyrir mér eins og ég sá þig fyrst.

Halldór: Get sama sagt. Það kemur mér oft í hug ýmislegt frá liðnum dögum og árum, sem fyrnist ekki, okkar kynnum og samvistum tengt.

En mikið merkilegt er samband lifendanna í alheimi. Þar

er vissulega hærra stig í sögu efnisins en í hinni líflausu náttúru.

Björt sól og fögur á himni hér. Náttúran öll nýtur þeirrar sólar og yls og mennirnir gleðjast yfir fegurð náttúrunnar og möguleikum lífsins í heimi stjarnanna.

Hér er ekki trúarbragðastig, heldur þekkingar. Möguleikar mannsins opnast hér einstaklingnum, óvæntir möguleikar vaxandi þroska og þannig verður hér hver einstaklingur nær hinu guðlega og æðra tilverustigi en á jörðinni og vísindin eru hér í mjög miklum hávegum höfð, leitin að sannleikanum mikilsmetin.

*Íslensk forysta talin mikilsverð.* Á mörgum sviðum vísinda skara þeir framúr hér. Mikil og merkileg sú forysta Íslendinga. Heillavænleg fyrir þetta mannkyn, er framlífsjörð þessa byggir.

Það get ég með ýmsum fleiri orðum rakið, hvernig hér er eindregin vísindastefna ráðandi. En læt það nú bíða að sinni.

En hér í stöðinni, sem ég tala, er af þessari heimsókn, sem ér var að reyna að segja eitthvað af, nokkuð að segja frekar, að enn eru þessar verur hér sýnilegar öllum, sem hér eru staddir og höfum við þegið af þeim mikinn kraft og leiðbeiningar ýmsar, til að koma ýmsum málum í enn betra horf en er.

Það tek ég fram, að það er flutt af frábærri málsnilld og guðirnir, þeir hafa málsnilld meiri en maðurinn. Það er eigi lítill munur þar á og *furðuleg áhrif, sem þeim málflutningi fylgja og góð á alla, er á þeirra mál hlýða.*

Verð ég nú að láta þetta nægja, Svava, og þykir ykkur víst nóg um. En það vona ég, að þið finnið þó ekki væri nema að litlu leyti þau góðu áhrif, sem fylgja þessum dýrðlegu verum.

Þakka innilega og dreymi þig og ykkur til góðra staða og fagurra. Megi ykkur vaxa ásmegin.

Blessuð vina.

Blessuð öll.

28. 08. 1989. *Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku)*

## Fyrir miðilsmunn:

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ónefnd kona og með henni Ragnildur Gottskálksdóttir.

(Ónefnd kona):

Komið sæl.

Kona.

Jæja, líður ykkur sæmilega vonandi og ég beini til ykkar nokkrum krafti til sérhvers þátttakanda fundarins.

Það er margt hérna framliðinna Íslendinga í sambandsstöð veglegri. Það má segja, að við séum all miklu fjölmennari en þið í ykkar stöð og eftir því öflugri einnig. Vildum við geta látið ykkur njóta þeirrar orku, sem við höfum yfir að ráða og koma fram skynjunum okkar einnig í huga ykkar.

Hér er kona önnur, sem hugsar til ykkar og sú kona er íslensk. Sú íslenska kona hefur hug á að heilsa ykkur og læt ég henni fúslega eftir sambandið.

(Ragnildur Gottskálksdóttir) (á sér blaði)

Jæja, hvarf nú úr sambandinu og ég er komin aftur, sem áðan talaði.

Ég ætla ekki að tefja öllu lengur nú og þakka ykkur og kveð.

Verið blessuð og sæl.

*10.07. 1989. Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku)*

## Fyrir miðilsmunn:

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Búdda.

Búdda.

Mæli íslensk orð.

Indversk heimspeki nær ekki eins langt og sú íslenska. En ég er vinur alls mannkyns og vil styðja það, er öllu mannkyni ríður á að þekkja, hina íslensku heimspeki og heimsfræði, stjörnulíffræði. Það er þessi hin stórkostlega sam-

bandskenning Nýals sem mannkynið svo mjög vanhagar um, eigi því að takast að komast á sanna framfarabraut. *Búddatrú er ekki megnug að bjarga* né önnur trúarbrögð. Einungis fullkomin þekking á eðli lífsins dugar og hef ég um aldirnar öðlast margvíslega þekkingu og reynslu framyfir það, sem ég hafði í mínu frumlífi á jörðinni, er hefur kennt mér að forðast fljótfærni í ályktunum og ónákvæma athugun.

Þakka svo fyrir og verið sæl.

09.11. 1987. *Gunnar Hjörvar (ritað eftir segulbandsupptöku)*

**Fyrir miðilsmunn:** 24. 04. '89.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sverrir Kristinn Sverrisson.

Sæll Sverrir.

Gunnar Hjörvar: Sverrir mættur. Sæll.

Sverrir: Komdu sæll, Gunnar. Heyrirðu til mín?

Gunnar: Já.

Sverrir: Rétt hafðirðu fyrir þér. Sólin er önnur og jörðin er önnur og líkaminn jarðneskur. Blessaður vinur. Þakka þér fyrir hugulsemina í minn garð alltaf. Hvort sem við vorum nú sammála eða ekki vorum við vinir. En mér þótti ég ekki geta tekið nægilega undir hjá þér, þó þú værir að tala um stjörnur og framlífið þar. Ég vildi ekki taka undir þetta nema að takmörkuðu leyti. Þó ég væri þér ekkert fjandsamlegur eða þessum kenningum, þá var ég á annarri skoðun og trúarlegum leiðum og það get ég sagt, það hafi ekki verið alltaf svo auðvelt að halda sér við það að öllu leyti. En þó gerði ég það og taldi mig best eiga heima í hópi kristinna manna. En kristin kenning hún er kærleiks- og mannúðarkenning í eðli sínu og skaðar ekki að taka undir með Kristi að elska náungann eins og sjálfan sig. Þá er þar að vísu ekki þar með sagt, að Kristur hafi verið fjandsamlegur þekkingunni og vísindunum. Held ég Kristur ekki sé mótsnúinn því að skilja eðli tilverunnar. En ég verð nú að vera einlægur og hreinskilinn, er ég segi við þig, að ég er kristinn ennþá en verð að viðurkenna, að það er sannleikur, sem þú sagðir, maður flytst á aðra jarðstjörnu. Vertu blessaður.

*Gunnar Hjörvar (ritaði eftir segulbandsupptöku)*



# Bækur og tímarit hjá Félagi Nýalssinna

**Líf er á öðrum stjörnum**, 68 síður, 1974, eftir Þorstein Guðjónsson. Nútímalegt, aðgengilegt kynningarrit um fræði Nýals. Kilja kr. 300.- Innb. kr. 500.-

**Málþing Íslendinga**. Safn ritgerða eftir kunna menn, 1919-1979, um höfund Nýals og verk hans, 208 síður. Myndir 34 höfunda. Ritstjóri: Þorsteinn Guðjónsson. Kilja kr. 700.- Innb. kr. 1000.-

**Guðirnir á Síriusi**. Vitranir úr himingeimnum, frá því um 1916. Geymdar í 60 ár þangað til K. O. Schmidt tók sig á um að gefa þær út. Þ G. þýddi. Kilja kr. 300.-

**Samtöl um íslenska heimspeki**. Þorsteinn Jónsson á Ulfsstöðum gaf út 1940. Nokkur eintök heft eru enn til. Verð kr. 1500.-

**Tunglsgeislar**. Þorsteinn Jónsson 1953. Aðalrit Þ. J. þar sem m.a. minningafræði hans er skipulega sett fram í fyrsta sinn. Nokkur eintök til. Verð kr. 1500.-

**Draumar og svefn**. Þorsteinn Jónsson 1975. Kilja. Verð kr. 500.-

**Lausn gátunnar**. Safn ritgerða. Þorsteinn Jónsson. Hörpuútgáfan 1984. Innb. Verð kr. 1500.-

**Þættir um heimsfræði dr. Helga Pjeturss**. Elsa Vilmundardóttir jarðfræðingur og Þorsteinn Þorsteinsson lífefnafræðingur. Bókaútgáfan Urð. Verð

**Skrá yfir ritverk dr. Helga Pjeturss**. Samúel D. Jónsson og Elsa Vilmundardóttir. Útgáfufélagið Urð, 1974. Verð

**LÍFGEISLAR**. Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur. Ritstjóri Ingvar Agnarsson. Eldri flokkurinn kom út frá 1975-1985, 5 hefti á ári, alls 55 (hvert 36 bls.).

Nýr flokkur Lífgeisla hóf göngu sína frá og með september 1989. Ársáskrift 1990: kr. 2000.-

# Bókarfregn

Bók sem greiðir fyrir skilningnum á lífi og lífsamböndum við aðrar stjörnur.



Verð beint frá útgefanda kr. 2.500.- (bókabúðarverð er 3.750.-)

Nokkrar upplýsingar um bókina:

Aðalflokkaheiti:

- I. Fróðleiksmolar um stjörnurnar.
- II. Stjörnumerki og stjörnur.
- III. Atriðaskrá um birtu, litróf, ljósafli og fjarlægð stjarna.
- IV. Viðauki í myndum og máli.

Bókin er 136 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 112 teikningar og myndir (86 í litum og 25 svarthvítar).

Útgefandi: **SKÁKPRENT** Dugguvogi 23, Pósthólf 1179,

# Til lesenda Lífgeisla

Eitt af þeim efnum sem Lífgeislar hafa frá upphafi tekið til meðferðar eru draumar og skilningur á draumum. Svo má heita að hverjum draumi, sem birtur hefur verið, hafi fylgt einhver tilraun til skilnings og skýringar. Höfum við þar byggt á þeirri uppgötvun Helga Pjeturss, að **draumur eins sé ævinlega að undirrót vökulíf annars**, og finnst okkur allar athuganir á eðli drauma benda ótvírætt til þess, að svo sé í raun og veru. Kemur þetta fram á þann hátt m.a. að svo til alltaf kemur í ljós að loknum draumi, ef nógu grannt er athugað, að ekki var aðalpersóna draumsins maður sjálfur, þ.e.a.s. sá sem svaf, dreymandinn, heldur einhver annar og okkur jafnan ókunnur úr vöku. Þetta er aðeins eitt af mörgum og margvíslegum atriðum drauma.

Við viljum nú biðja hvern þann sem telur sig hafa af annarri eða „öðruvísi“ draumreynslu að segja, en hér var minnst á, að skrifa okkur til, og segja okkur draum sinn (eða drauma) ásamt þeim „öðruvísi“ skilningi, sem hann telur sig e.t.v. geta lagt í draum sinn. Munum við þá reyna að svara og láta í ljós okkar álit eða skilning á viðkomandi draumi. Ég vil hér nefna rangþýðingar í draumum okkar. Vil ég í því sambandi biðja ykkur, kærur lesendur Lífgeisla, að lesa með sérstakri athygli grein Þorsteins Guðjónssonar: „**Rangþýðinga rökkrið**“ hér í heftinu, en þar ber hann fram mjög mikilvægan skilning á því atriði draumanna, sem einmitt hefur á öllum tímum orðið til að rugla marga í ríminu og hindrað menn í að skilja hið rétta eðli draumanna.

Draumar eru mikilvæg atriði í lífi flestra manna, og því mjög þess verðir, að þeir séu athugaðir vel og þeim haldið til haga.

Sem fyrr, biðjum við ykkur enn, kærur lesendur, að senda okkur drauma ykkar, hvort heldur með eða án skýringa ykkar. Því það eru nú fyrst og fremst draumarnir sjálfir, kjarni þeirra og efni, sem hefur gildi í sjálfu sér, hvað sem líður öllum tilraunum til skilnings og skýringa. Draumar eru nefnilega eitt af merkilegustu fyrirbærum lífsins, og benda oft eindregið til þess lífs sem lifað er á öðrum stjörnum, að mati okkar, sem að þessu riti stöndum.

Við biðjum ykkur enn sem fyrr, að senda okkur einnig hverskonar efni annað til birtingar og athugunar.

Svo óskum við þess, að þetta blessaða sumar megi reynast gott og gjöfult og öllum til ánægju og yndisauka, og að líforka frá æðri stöðum tilverunnar megi ná að hafa áhrif á hvern og einn, öllum til farsældar.

*Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla og Félags Nýalssinna,  
Ingvar Agnarsson.*

# Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPARENT fyrir hönd Félags Nýalssinna  
Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Myndun sólstjarna og sólhverfa (forsíðumynd og tvær smærri) .....	bls.	74
Heimsfræði Helga Pjeturss. Guðni Þorvaldsson .....	”	75
Sól og jörð séð frá tungli (með mynd) I. A. ....	”	80
Djúpar rætur — langir þræðir. Þorsteinn Guðjónsson .....	”	81
Sérkennileg vetrarbraut (með mynd) I. A. ....	”	83
Stjarnmergðin óþrjótandi (með mynd) I. A. ....	”	84
Hugleiðing um sauðburðinn. Steinar Pálsson í Hlíð .....	”	85
Vetrarbrautakeðja (með mynd) I. A. ....	”	86
Rangþýðinga-rökkrið og hinir ljósu draumar. Þorsteinn Guðjónsson .....	”	87
Fyrstu ummerki manna á tunglinu (með mynd)....	”	95

### LJÓÐ:

Heimsókn. Þorbjörn Ásgeirsson .....	”	90
Hulda. Þorsteinn Valdimarsson .....	”	90
Draumar. Ingvar Agnarsson .....	”	91
Til vinar. Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka .....	”	91

### DRAUMAR:

Tunglin þrjú (með mynd) Ingvar Agnarsson .....	”	92
Dýrðarsýn til himins og stjarna. Sveinn Haraldsson .....	”	96
Draumar skáldkonunnar. Kristín M. J. Björnsson .....	”	97
Kirkja og bratt fjall I. A. ....	”	99

### SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIDILSMUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ...	”	100
Halldór Pjetursson .....	”	100
Ónefnd kona og Ragnhildur Gottskálksdóttir ...	”	103
Búdda .....	”	103
Sverrir Kr. Sverrisson .....	”	104

### MYR:

Jón biskup Arason (vísa um Ara, son hans) .....	”	79
Davíð Stefánsson (brot úr ljóði) .....	”	89

### ÝMISLEGT:

Bækur og tímarit hjá Félagi Nýalssinna .....	”	105
Leiðsögn til stjarnanna. Auglýsing frá Skákprenti .	”	106
Til lesenda Lífgeisla .....	”	107